



# TOLLVARÐAFÉLAG ÍSLANDS

Tryggvagötu 19, 101 Reykjavík

Reykjavík 05.12.96

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Vilhjálmur Egilsson, formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 121 / 373*  
*komudagur 10 / 12 1996*

Félagið hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins. Frumvarp þetta er niðurstaða af viðræðum milli fulltrúa heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðuneytis. Hefur félagið fylgst með gangi þessara viðræðna á vettvangi BSRB.

Það er mat félagsins að frumvarpið sé ásættanleg niðurstaða, einkum í ljósi þess að heildarréttindi hins nýja kerfis eru jafnverðmæt gildandi réttindum, samkvæmt tryggingafræðilegu mati, að viðbættum réttindum vegna viðbótargreiðslna sjóðfélaga vegna yfirvinnu o.fl.

Mikilvægt er að sjóðsfélögum verði sem áður gert kleift að vera í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Félagið mun fylgjast með athygli með framgangi málsins á Alþingi og mun kröfugerð vegna kjarasamninga nú, sem áður, gera ráð fyrir að heildarverðmæti lífeyrisréttinda verði óskert.

F.h. Tollvarðafélags Íslands,

  
Samúel Ingi Þórisson, formaður.